

92

9. júní

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík,
nr. 58 5. júní 1937.

1. gr.

Í 2. mgr. 2. gr. í stað orðanna „kl. 4½ síðdegis“ komi: kl. 4 síðdegis.

2. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. í stað orðanna „og næst síðasta virkan dag fyrir aðfangadag til kl. 9 síðdegis“ komi: og einn dag á undan þeim degi þremur virkum dögum áður, til kl. 9 síðdegis.

3. gr.

4. mgr. 2. gr. orðist svo: Á tímabilinu 15. maí til 14. september skal á laugar-dögum, nema laugardaginn fyrir hvítasunnu, loka stofunum kl. 2 síðdegis, og er þá jafnframt heimilt að hafa stofurnar opnar til kl. 8 síðdegis á föstudögum frá 14. maí til 13. september.

4. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. í stað orðanna „kl. 2 síðdegis“ komi: kl. 1 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

93

26. júní

SAMÞYKKT

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Leirvogsá í Kjósarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir „Veiði- og fiskræktarfélagið Leirvogsá“. Heimili þess og varnarþing er að Brúarlandi.

2. gr.

Starfssvæðið er Leirvogsárósar og Leirvogsá að Tröllafossi, ásamt ósum Köldukvíslar og Kaldakvísl að Tungufossi. Þar til heyra þessar jarðir: Veiðiréttindi Stefáns Þorlákssonar í Leirvogi, Viðines, Fitjakot, Varmidalur, Norður-Gröf, Þverárkot, Hrafnhólar, Skeggjastaðir, Minna-Mosfell, Mosfell, Hrisbrú, Leirvogstunga, Helgafell, Varmá, Lágafell.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a. að auka laxgöngu í Leirvogsá með byggingu klakstöðvar, eða öflun laxaseyða á annan hátt, eyðingu veiðivargs, breytingar fiskvegar og rennslisjöfnun með stíflu við Leirvogsvatn;
 - b. að reka laxveiði á nefndu veiðisvæði með félagsstarfrækslu.
- Heimilt er félaginu hvort heldur sem er, að leigja veiðina til stangaveiði eða veiða með sameiginlegum veiðitækjum, þar sem bezt hentar á félagssvæðinu.